

Og vænt þótti drengnum mínum um, að þá gat hann játað því með góðri samvisku.“

Ef nú þetta var hvöt fyrir þennan dreng til þess að ganga reglulega í sunnudagsskóla, hve miklu meiri hvöt til þess ætti það að vera ykkur öllum, að þið vitið, að guð tekur eftir því, hvort þið gangið í sunnudagsskóla og hvernig þið færið ykkur hann í nyt. Líka það, að hann mun á sínum tíma, þegar þið komið til hans, spyrja ykkur öll, hverskonar börn þið hafið verið, og letur svo uppskeruna fara eftir því, hvílik börn þið hafið verið.

Væri þá ekki gott að geta haft góða samvisku, eins og sonur Jakobs Riis, þegar hann stóð fyrir framan Roosevelt forseta? Vafalaust finst ykkur það.

Nú að síðustu fáein orð um uppskeruna í viðbót við það, sem um hana hefir þegar verið sagt. Hver er hún þá? *Góð samviska*. Það er dýrðleg uppskera. Vond samviska eða sofandi samviska er uppskera þeirra, sem vondir eru. — Enn fremur: *Meiri og meiri löngun til þess að elska guð og hlýða honum*. Líka dýrðleg uppskera. En meiri og meiri óbeit á guði er uppskera þeirra, sem vondir eru. — Enn fremur: *Ánægja og fögnuður og friður og margskonar blessun í þessu lífi og síðar meir cilíft líf*. En hvað uppskeran sú er dýrðleg! En óánægja og gremja og ólán og glötun er uppskera þeirra, sem vondir eru; *Því það, sem maðurinn sáir, það mun hann og uppskera*.

Ungu vinir! Gáið nú vel að, hverju þið sáið. Sáið í Jesú nafni. Þá uppskerið þið í Jesú nafni. *Guð* gefur ykkur góða uppskeru. Og þá verðið þið í hópi allra þeirra, sem fagna yfir góðri uppskeru á uppskeru-deginum mikla.

MYNDIN HENNAR MÖMMU HANS.

Smásagan, sem hér segir frá, gerðist 1. Maí 1898 á Manila-flóa, við Filippín-eyjarnar. Það var sjóorustu-daginn mikla, þegar sjóliðsforingi Bandaríkjanna, George Dewey, vann sigurinn fræga yfir Spánverjum. Alt var undir orustuna búð. Og nýbúið var að gefa skipanina: „Allir búnir til orustu!“ Þá kom smá-atburður fyrir, sem í sjálfu sér var svo litilfjörlegur, að enginn hefði veitt honum eftirtekt, ef ekki hefði verið fyrir annað, sem gerði hann merkilegan.

Piltur einn á skipi sjóliðsforingjans misti treyjuna sína útbýrðis. Í augum hans var þetta stór-tjón. Hann gat ekki séð